

Ed. 193. Frumvarp til laga [98. mál]

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Alfreð Gíslason.

1. gr.

2. mgr. 33. gr. laganna orðast svo:

Bætur almannatrygginga, aðrar en fjölskyldubætur, skulu undanþegnar útsvarsálagningu, og heimilt er að lækka útsvör gjaldenda, sem orðnir eru 65 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvara á árinu 1967.

Greinargerð.

Samkvæmt gildandi lögum er heimilt að undanþiggja bætur almannatrygginga útsvarsálagningu að einhverju eða öllu leyti og að lækka útsvör gamalmenna. Þessi heimild mun notuð í nokkrum sveitarfélögum, en á öðrum stöðum ekki. Slíkt misræmi er óeðlilegt. Réttur bótaþega á ekki að vera háður því, hvar á landinu þeir búa.

Löggjafanum hefur þótt sanngjarnt í garð sjúklinga, öryrkja og gamalmenna að skattleggja ekki hinar naumt skornu tryggingabætur. Um það vitnar heimildarákvæðið. En skrefið var ekki stigið nema til hálfis og framtalsnefndum í sjálfsveld sett, hvort eða að hve miklu leyti sanngirni skyldi sýnd í þessu efni. Afleiðingin er réttarmismunur, sem hart er að búa við.

Úr þessum ágalla er bætt með frumvarpinu, ef að lögum verður. Þá fá bótaþegar að njóta þeirrar ívilnunar, sem vakti fyrir löggjafanum, og verða ekki lengur háðir mismunandi brjóstgæðum sveitarstjórna. Rétt þykir að undanskilja fjölskyldubætur skattfrelsinu, enda eru þær í sérflokk og að mestu veittar vinnufæru fólki.

Þótt margir sjái tormeiki á að hækka verulega bætur almannatrygginga frá því, sem er, neitar því enginn, að þær séu of lágar. Því virðist það andhælislegt að vera að klípa úr þessum lágu bótum með skattheimtu. Þorri bótaþega er fátækt fólk, svo sem af líkum má ráða, og styrkurinn, sem þeir fá, allsendis ónógur til framfærslu. Má nefna sem dæmi, að í des. s. l. var ellilífeyrir einstaklings 3505 kr. og hjóna 6270 kr. á mánuði. Á þessu lifir enginn án bónbjarga eða aukatekna. Gagnvart slíku fólki sýnist skattheimta vera fráleit.

Sama og hér er sagt um útsvarsálagningu gildir að sjálfsögðu um álagningu tekjuskatts til ríkisins, og verður samtímis þessu frumvarpi flutt annað, er fjallar um hliðstæða breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.